



Nú er *framtalið þitt opið* til staðfestingar

Skilafresti lýkur 15. mars

Skilafrestur

Almennur skilafrestur fyrir launamenn og einstaklinga með eigin atvinnurekstur er til 15. mars.

Unnt er að sækja um lengri frest á skattur.is og getur hann lengstur orðið til 20. mars. Framtal barns skal fylgja framtali framfæranda.

Upplýsingar á framtali

Áríðandi er að framteljandi athugi hvort áritaðar fjárhæðir og aðrar upplýsingar séu í samræmi við gögn og upplýsingar sem hann hefur sjálfur undir höndum. Athuga skal sérstaklega hvort einhverjar upplýsingar vanti inn á framtal, s.s. verktakagreiðslur.

Auðkenning

Unnt er að auðkenna sig með þrenns konar hætti, þ.e. með rafrænum skilríkjum í gsm síma, rafrænum skilríkjum á korti og með veflykli RSK.

Ríkisskattstjóri mælir með að rafræn skilríki séu notuð við auðkenningu.

Símaþjónusta í 442-1414

Í mars verður veitt aðstoð í síma 442-1414 alla virka daga frá kl. 9:30-15:30.

14. og 15. mars verður símaþjónusta til kl. 18:00.

Nánari upplýsingar á rsk.is

skattur.is